

Landslög – lögfræðistofa  
Viðar Lúðvíksson hrl.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2018


**Efni: Erindi FA til eftirlitsnefndar um framkvæmd sáttar**

Vísað er til athugasemda Félags atvinnurekenda (hér eftir „FA“) til eftirlitsnefndar um framkvæmd sáttar, dags. 14. desember sl., sbr. og kvörtun FA, dags. 12. október sl.

Í tölvupósti eftirlitsnefndarinnar, dags. 4. desember sl., kom fram að afstaða nefndarinnar til sameiningar félagsins ePósts ehf., kt. 571212-0130, (hér eftir „ePóstur“) við móðurfélagið Íslandspósts ohf., kt. 701296-6139, lægi ekki fyrir.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra var ePóstur ehf. afskráð 13. desember sl., sjá hjálagt skjal. FA óskar af þeim sökum eftir upplýsingum frá nefndinni hvort afstaða nefndarinnar til sameiningarinnar og samþykki Samkeppniseftirlitsins hafi legið fyrir við afskráningu félagsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. sáttar Samkeppniseftirlitsins og Íslandspósts ohf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 frá 17. febrúar 2017 um aðgerðir til að styrkja samkeppnisaðstæður á póstmörkuði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags atvinnurekenda

  
Guðný Hjaltadóttir lögfr.

Hjálagt: Útprintun úr fyrirtækjaskrá, dags. 21. desember 2018.

Afrit: Samkeppniseftirlitið, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

## ePóstur ehf. (5712120130)

### Stofnað/Skráð: 23.11.2012

(Félag afskráð 13.12.2018)

### Rekstrarform

E1 - Einkahlutafélag (ehf)

### Forráðamaður

- Anna Katrín Halldórsdóttir - stjórnarformaður

### ÍSAT Atvinnugreinaflokkun

- 72.19.0 Aðrar rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og verkfræði

### Virðisaukaskattsnúmer

Númer	Skráning	Afskráning	ÍSAT nr.
112935	01.01.2013		72190 Aðrar rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og verkfræði (Aðal)

Hafi seljandi vöru eða þjónustu ekki verið á virðisaukaskattsskrá þegar viðskiptin áttu sér stað er óheimilt að færa innheimtan virðisaukaskatt sem innskatt eða fá hann endurgreiddan.

Þessi síða notar vefkökur. [Lesu meira Loka kökum](#)